

Mánudaginn 31. júlímánaðar.  
 Nr. 22/1899: Pétur M. Bjarnarson  
 gegn  
 Birni Kristjánssyni f. h.  
 P. W. Rumohr.

## D ó m u r:

Þegar mál þetta átti að koma fyrir í yfirréttinum samkvæmt stefnunni, lýsti umboðsmaður áfrýjanda því yfir, að hann hefði fallið frá stefnunni í málinu, en stefndi, sem var í réttinum, krafðist þá kosts og tæringar hjá áfrýjanda. En þar sem hér var að eins um gagnáfrýjun að ræða, verður stefnda, sem mætti í aðalmálinu, eigi dæmdur kostur og tæring.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda ber eigi kostur og tæring í máli þessu.

Mánudaginn 25. septembermánaðar.  
 Nr. 7/1899: Hið opinbera  
 gegn  
 Einari Sveinbjarnarsyni.

## D ó m u r:

Mál þetta var höfðað fyrir lögreglurétti Kjósar- og Gullbringusýslu gegn hinum kærða útvegsbónda Einari Sveinbjarnarsyni í Sandgerði í Miðneshreppi, fyrir brot gegn lögum nr. 8, 6.

apríl f. á., um bann gegn botnvörpuveiðum, og var dómur í því uppkveðinn fyrir téðum rétti hinn 27. desbr. f. á. og með honum ákveðið, að ef miðið »Háa fjallið fram og Hóllinn um Miðhús« að áðurgenginni mælingu reyndist vera í landhelgi, skyldi hinn kærði greiða í sekt til landsjóðs 1500 krónur; en reyndist mið þetta ekki vera í landhelgi, skyldi kærði sýkn af kæru sóknarans í málinu, þó svo, að hann greiði allan af málinu leiðandi kostnað.

Þessum dómi hefir að ósk kærða verið skotið til yfirdómsins.

Auk annara skýrslna, sem fram komu fyrir lögregluréttinum, og sem eigi getur komið til mála, að bygður verði á áfellisdómur yfir kærða, báru þeir Eggert Gíslason í Kothúsum og Jón Ásmundsson á Rafnkelsstöðum fyrir lögregluréttinum og unnu eið að því, að þeir föstudaginn 9. sept. f. á. hefðu komið út í botnvörpuskipið Cuckoo, þar sem það var að veiða með botnvörpu í landhelgi, og hafi þá kærði verið við stýrið og ráðið ferð skipsins við veiðarnar. Hafi kærði bedið Eggert að hvíla sig að stýra, og hafi Eggert þá stýrt skipinu svo sem tvær til þrjár skipslengdir, eingöngu til þess að sýna Einari, að hann kynni að stýra með hjóli. Svaraði kærði svo til þessa vitnisburðar fyrir lögregluréttinum, að hann gæti ekkert borið um, hvort skipið hefði verið í landhelgi í þetta skifti, með því að hann sé eigi lærður siglingamaður, og kynni því eigi að mæla, og eigi kvaðst hann muna, hvort hann hafi í þetta

skifti verið við stýrið, en hann hafi ávalt, er hann hafi stýrt botnverpingum, stýrt þeim úr landhelgi, ef þeir hafi verið þar, er hann hafi tekið við stjórninni. Tóku vitnin Eggert Gíslason og Jón Ásmundsson nákvæmar til staðinn, er Cuckoo hafði verið á í umrætt skifti, og hefði það verið á miðinu Háa fjallið fram og Hóllinn um Miðhús. Þetta mið hefir síðan, eftir að mál þetta kom fyrir yfir-dóminn, verið mælt af varðskipinu danska »Heimdal« og hefir kærði tekið þá mælingu gilda, en eftir henni er miðið 0,75 úr fjórðungi mílu frá landi og þannig langt innan landhelgislinunnar. Hefir kærði í réttarprófi, er haldið hefir verið yfir honum eftir uppsögn lögreglurréttardómsins, skýrt frá því, að skipstjóri á Cuckoo hafi þennan umgetna dag farið í land síðari hluta dags, og hafi þá stýrimaður skipsins tekið við stjórn skipsins, en hann (kærði) hafi engin afskifti af henni haft, og hafi það verið eftir beiðni stýrimanns, að hann snöggvast hafi tekið við stýri skipsins, meðan stýrimaður var að bæta vörpu, og stýrt skipinu úr landhelgi.

Þó að það samkvæmt framansögðu sé sannað, að kærði hafi stýrt botnvörpuskipi, er það var við botnvörpuveiðar í landhelgi, þá verður honum þó eigi refsað fyrir það sem brot gegn framannefndum lögum 6. apríl f. á., um bann gegn botnvörpuveiðum, þar sem hann eigi hafði stjórn skipsins á hendi og réð því eigi veiðunum né bar ábyrgð á því, hvernig þær fóru fram; en fyr-

ir aðstoð þá er hann lét í té með því að taka við stýri skipsins í bili, er ekki ákveðin sérstaklega nein refsing í lögnum. Það verður því að dæma kærða sýknan af kæru hins opinbera í málinu. Eftir þessum úrslitum verður allur kostnaður málsins bæði í héraði og fyrir yfirdómi að greiðast af almannafé, þar með talin málflytningu- og sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Við meðferð málsins athugast, að undirdómarinn hefir gegn banninu í N. l. 1—5—12 kveðið upp óendanlegan dóm í málinu og er það vítavert, en eigi þykir nægileg ástæða til að láta undirdómarann sæta frekari ábyrgð fyrir það. Að öðru leyti hefir rekstur málsins í héraði verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði Einar Sveinbjarnarson á að vera sýkn af kæru hins opinbera í máli þessu. Sakarkostnaðinn bæði í héraði og fyrir yfirdómi ber að greiða úr landssjóði, þar með talin málflytningu- og sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflytningu- og sækjarmanna Einarssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.